

AUGLÝSING

um deiliskipulag vistvænnar þyrpingar á Hellnum, Snæfellsbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 2. september 2010 deiliskipulag vistvænnar þyrpingar á Hellnum, Snæfellsbæ.

Breytingin felst í því að lóðir nr. 2 og 4 við Brekkustíg verða sameinaðar, gert er ráð fyrir viðbyggingu við hótelið og aðkomu og bílastæðum breytt. Tvö af útihúsunum verða rifin, en þar er gert ráð fyrir baðhúsi og starfsmannahúsi. Byggingarreitum fyrir gestahús nyrst á svæðinu verður breytt og verða þau sambyggð. Aðkomu að gestahúsum og bílastæðum verður breytt. Legu Brekkustígs verður breytt, ein lóð norðan götunnar felld niður og afmörkun fimm lóða verður breytt.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Snæfellsbæ, 10. janúar 2011.

Smári Björnsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 20. janúar 2011